

## Gæðavísar brjóstaskimunar

### Gæðavísir 1

#### KONUR SEM FÁ BOÐ Í BRJÓSTASKIMUN

<b>Langt heiti</b>	Hlutfall kvenna sem er á boðunarskrá og fær boð í skimun
<b>Mælikvarði</b>	Allar konur sem eru á boðunarskrá og eiga að fá boð, fá boð
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Einungis konur með lögheimili á Íslandi fá boð í skimun. Samkvæmt nýjum skimunarleiðbeiningum embættis landlæknis fá konur á aldrinum 40-69 ára boð í skimun á 2 ára fresti og konur á aldrinum 70-74 ára fá boð á 3 ára fresti.

### Gæðavísir 2

#### KONUR SEM MÆTA Í SKIMUN

<b>Langt heiti</b>	Fjöldi og hlutfall kvenna sem mætir í skimun
<b>Mælikvarði</b>	Hlutfall yfir 75%
<b>Kyn</b>	Konur á aldrinum 40-74 ára
<b>Athugasemd</b>	Mæting í skimun er greint eftir aldursflokkum og heilbrigðisumdæmum. Hlutfall er reiknað af fjölda kvenna sem fengu boð í skimun.

### Gæðavísir 3

#### ENDURINNKÖLLUNARHLUTFALL

<b>Langt heiti</b>	Hlutfall kvenna sem eru endurinnkallaðar vegna óeðlilegra brjóstamynda eða tæknilegra vandkvæða skimunar
<b>Mælikvarði</b>	Hlutfall undir 5%
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur

#### Gæðavísir 4

##### BIÐTÍMI FRÁ ÓEÐLILEGRI SKIMUNARNIÐURSTÖÐU OG ÞAR TIL SÉRSKOÐUN FER FRAM.

<b>Langt heiti</b>	Biðtími frá því að konan fær svarbréf um óeðlilega niðurstöðu og þar til sérskoðun fer fram.
<b>Mælikvarði</b>	10 virkir dagar
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	

#### Gæðavísir 5

##### BIÐ FRÁ SKIMUN TIL NIÐURSTÖÐU

<b>Langt heiti</b>	Biðtími frá mætingu í skimun og þar til svarbréf berst konu á island.is
<b>Mælikvarði</b>	Fjöldi daga, 15 virkir dagar
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Alþjóðleg viðmið er að svarbréf berist konu innan 3 vikna frá skimun, eða 15 virkra daga.

#### Gæðavísir 6

##### NÝGENGI BRJÓSTAKRABBAMEINS

<b>Langt heiti</b>	Fimm ára nýgengi brjóstakrabbameins
<b>Mælikvarði</b>	Meðalfjöldi síðustu 5 ára á hverja 100.000 konur
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Nýgengi (e.incidence)er skilgreint sem fjöldi nýgreindra einstaklinga með ákveðið mein í tilteknu þýði og tímabili.Nýgengistölur sem krabbameinsskrá gefur út eru yfirleitt aldursstaðlaðar með alheimsstaðli m.v. 100.000 íbúa. Þær eru sýndar sem 5 ára hlaupandi meðaltöl til að draga út tilviljunasveiflum sem annars geta verið áberandi í fámennu þjóðfélagi.

## Gæðavísir 7

### FJÖLDI SETKRABBAMEINA

<b>Langt heiti</b>	Fjöldi greininga á setkrabbameini.
<b>Mælikvarði</b>	
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Setkrabbamein (e. non-invasive, ductal carcinoma insitu) er oftast undanfari brjóstakrabbameins, en slík mein eru staðbundin og hafa ekki öðlast getu til að dreifa sér um brjóstið. Þessi mein geta með tímanum þróast í ífarandi brjóstakrabbamein sem geta dreift sér út fyrir brjóstið og myndað meinvörp.

## Gæðavísir 8

### FJÖLDI ÍFARANDI KRABBAMEINA

<b>Langt heiti</b>	Fjöldi greininga á ífarandi krabbameini.
<b>Mælikvarði</b>	
<b>Aldur</b>	40-74 ára
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Ífarandi krabbamein( e.invasive) er þegar meinið hefur brotist í gegnum þau mörk sem eðlilegur brjóstvefur setur og getur dreift sér yfir í aðliggjandi vefi og myndað meinvörp.

## Gæðavísir 9

### BRJÓSTAKRABBAMEIN SEM GREINIST INNAN ÁRS FRÁ SKMUN.

<b>Langt heiti</b>	Hlutfall brjóstakrabbameina sem greinast innan við 1 ári frá eðlilegri skimun.
<b>Mælikvarði</b>	prósenta
<b>Viðmið</b>	Innan við 30%
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Konur sem greinast með brjóstakrabbamein innan við 1 ári frá eðlilegri skimun. Þessi gæðavísir segir til um falskt neikvæða skimun.

## Gæðavísir 10

### BRJÓSTAKRABBAMEIN SEM GREINIST INNAN TVEGGJA ÁRA FRÁ SKIMUN

<b>Langt heiti</b>	Hlutfall brjóstakrabbameins sem greinist innan tveggja ára frá mætingu í síðustu skimun
<b>Mælikvarði</b>	prósenta
<b>Viðmið</b>	Innan við 50%
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Þessi gæðavísir segir til um fjölda þeirra kvenna sem greinast með krabbamein innan tveggja ára frá síðustu eðlilegu skimun og áður en þær eru kallaðar inn í næstu skimun.

## Gæðavísir 11

### DÁNARTÍÐNI BRJÓSTAKRABBAMEINS

<b>Langt heiti</b>	5 ára meðaltal dánartíðni brjóstakrabbameins.
<b>Mælikvarði</b>	Fjöldi
<b>Viðmið</b>	Meðalfjöldi látinna síðustu 5 ár á hverja 100.000 konur.
<b>Kyn</b>	Konur
<b>Athugasemd</b>	Dánartíðni (e.mortality) er skilgreint sem fjöldi látinna í tilteknu þýði. Dánartíðni sem krabbameinsskrá gefur út eru yfirleitt aldursstaðlaðar með alheimsstaðli m.v. 100.000 íbúa. Þær eru sýndar sem 5 ára hlaupandi meðaltöl til að draga út tilviljunasveiflum sem annars geta verið áberandi í fámennu þjóðfélagi.